



DIALPRIM er hvítur fjölnota einangrunar- og viðloðunargrunnur, innandyra.



EIGINLEIKAR

- Kemur í veg fyrir blæðingu efna frá undirlagi, t.d. frá nikótíni, sóti, bleki, mýkingarefni o.fl.
- Einangrar fyrir trékvoðublæðingu frá nýjum eða bæsuðum við
- Hefur einstaka viðloðunareiginleika á slétt og hörð yfirborð, s.s. harðplast, léttmálma, gömul lakklög, glerjaðar flísar (nema í sturtu), o.fl.
- Tryggir jafna áferð á yfirefni og má mála yfir með öllum tegundum af vatnsþynnanlegum málningarefnum
- Er lyktarlítill með hæsta loftgæðistaðal IAQ (Indoor Air Quality Emissions): Class A+
- Má sprauta með loftsprautu
- Má hvorki lita né blanda saman við aðra tegund af málningu vegna katjónískra (súrta) eiginleika

UNDIRLAG OG MÁLNINGARKERFI

Undirbúningur yfirborðs

- Óhreina málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt og vatni. Eftir bruna verður að margþvo flötinn
- Skafið sýnilega trékvoðu af fleti áður en grunnað er
- Þrifið yfirborð ómálaðs harðviðar með rauðspritti í tusku

Málun

- Málið 1 umferð af **DIALPRIM** grunnni, ætíð óþynntum
- Ef blæðing á sér stað eftir fyrstu umferð inn í filmuna skal bíða 15 klst. og grunna aftur
- Mála má yfir grunninn með öllum vatnsþynnanlegum tegundum málningar

Sprautun

- Einungis með loftsprautu, stimpilsprautun (airless) ekki æskileg

NOTKUN

Þurrktími við 20°C og 60% RH

- | | |
|--------------|----------|
| • Snertipurr | ± 2 klst |
| • Þurr | ± 4 klst |
| • Yfirmálun | 15 klst |

Vinnsluaðstæður

- Yfirborðshitastig Minnst 10°C
- Umhverfishiti Minnst 10°C
- Rakastig Allt að 75%

Verkfæri

- Pensill, rúlla, sprautun (airless)

Hreinsun

Vatn og penslasápa. Vandíð til verka þar sem efni í grunninum geta haft áhrif á eiginleika annarrar málningar blandist efnin saman

SAMSETNING

- Bindiefni Katjónísk akrýlbindiefni
- Litarefni Títantvíoxíð og náttúruleg fylliefni
- Þurrefnisinnihald Þyngd: $47 \pm 2\%$ Rúmmál: $35 \pm 2\%$
- VOC (rokgjörn lífræn leysiefni) ESB viðmiðunarmörk þessarar vöru (flokkur A/g): 50 g/l (2007)/ 30 g/l (2010). Inniheldur mest 10 g/l

TÆKNILEG EINKENNI

- Gljástig Flauelsgljái (5 GU at 60° og 10 GU at 85°)
- Litir Hvítur
- Litun Bannað
- Umbúðir 1L – 5L
- Eðlismassi við 20°C 1.23 ± 0.05
- Þekja $\pm 10 \text{ m}^2/\text{l}$ pr. umferð, fer eftir grófleika og ísogi undirlags
- Loftgæði við vinnslu A+ (skalinn er A+ til C: A+ merkir mjög litla útgufun en C sterka)

GEYMSLA - GEYMSLUPÓL

Geymið á frostlausum og skjólgóðum stað í upprunalegum og óopnuðum umbúðum við hitastig á milli 5°C og 35°C. Má geyma í a.m.k. 24 mánuði við tilgreind skilyrði.

HREINLÆTI OG ÖRYGGI

Skoðið öryggisblað. Geymið þar sem börn ná ekki til.

11-2020 | TNT0184-0

2|2

This technical data is based on your own knowledge and experiments and is provided to you as a guideline. However, this does not imply any formal liability for the use of our products.

Always check with our services to make sure there is no new invoice of recent date.

Akzo Nobel

Paints

Belgium

Trimetal

OJ 80

1800 Vilvoorde

<http://www.trimetal.be/nl>

